

**Nr. 128 / 11 Rán GK 91 / Salka GK 79****Ásigling í höfn og bátur sekkur****Rán GK 91**

Skipaskr.nr. 1921  
 Smíðaður: Seyðisfjörður 1988, stál  
 Stærð: 11,7 brl. 19,7 bt.  
 Mesta lengd: 13,84 m Skráð lengd: 13,3 m  
 Breidd: 3,6 m Dýpt: 1,93 m  
 Vél: Volvo Penta 175 kW, 1998  
 Fjöldi skipverja: 2



Rán©Jón Páll Ásgeirsson

**Salka GK 79**

Skipaskr.nr. 1438  
 Smíðaður: Akureyri 1975, eik  
 Stærð: 29,7 brl. 33 bt.  
 Mesta lengd: 18,04 m Skráð lengd: 16,49 m  
 Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,34 m  
 Vél: Caterpillar 300 kW, 1996  
 Fjöldi skipverja: 0



Salka©Emil Páll Jónsson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. október 2011 var Rán GK 91 að koma til hafnar í Sandgerði. Veður: NA 10-13 m/s (*Garðskagaviti*)

Rán GK 91 hafði haft legupláss utan á Sölku GK 79 sem svo lá við festar utan á Ástu GK 262. Rétt fyrir hádegi fór Rán GK á sjó til að leggja netatrossur í Miðnessjó og að því loknu var haldið til hafnar.

Við komu til hafnar var tekin skörp beygja til bakborða til að leggja stjórnborðssíðu að Sölku GK. Við þetta rakst perustefnið í miðsíðu Sölku GK með þeim afleiðingum að það fór inn úr síðunni svo Salka GK sökk á skömmum tíma.



Myndin sýnir möstrin á Sölku GK eftir að hún sökk í höfninni. mbl.is/Reynir Sveinsson.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjóra sagðist hann hafa kúplað frá og bakkað en það hafi ekkert gerst nema það kúplaði frá skrúfunni svo báturinn skreidd með rúmlega einnar mílu hraða beint í miðsíðu Sölku GK. Hann sagðist venjulega leggjast svona að skipinu því Rán GK bakki mikið til stjórnborða og þá leggist stjórnborðsbógur og síða að viðlegunni;
- að tæknimaður frá Siglingastofnun Íslands var fenginn til að yfirfara stjórnbúnað vélar og gírs Ránar GK. Í skýrslu hans kemur fram að búnaðurinn er af gerðinni „Hynautic Hydraulic“ frostlögsbúið vökvakerfi. Nægjanlegur vökvi (frostlögur) var í forðakút stjórnkerfisins og næg vökvakerfisolía á gír við vélina. Niðurstaða hans var sú eftir nákvæma skoðun á búnaðinum og fjölda tilrauna við mismunandi snúningshraða vélar að ekkert athugasvert hafi komið fram sem skýrt gæti ætlaða bilun;
- að eftir ásiglinguna var Rán GK lagt utan á Drífu SH 400 og hringdi skipstjóri þá í hafnarvörð og sagði hvað hefði komið fyrir og yfirgaf svo vettvang. Þegar hafnarvörður kom á staðinn var Salka GK komin með slagsíðu og verulega sjósigin og sökk áður en slökkvilið kom en það hafði verið kallað til með dælur;
- að atvikið átti sér stað um kl. 14:00 en ekki náðist til skipstjórans fyrr en um kl. 17:00 og voru þá tekin sýni vegna áfengisrannsóknar. Niðurstaða rannsóknar bendir til þess að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við komu til hafnarinnar.



Gatið á síðu Sölku GK

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.